

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1364/2019 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar "31. október 2020" í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. desember 2020.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu "lækni" í 1. máls. 1. mgr. kemur: eða sjúkraþjálfara á heilsugæslustöð.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. Orðin "sbr. þó undantekningu í 1. mgr." í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar "31. október 2020" í 10. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. desember 2020.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 21. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 30. október 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Hrönn Ottósdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.